



Minjastofnun
Íslands

FUNDARGERÐ

Fundarefni : 9. fundur Minjaráðs Reykjavíkur og nágrennis.

Fundartími: 7. desember 2022 kl. 10:00.

Fundarstaður: Bæjarskrifstofur Kópavogs

Fundarmenn:

F.h. Safnaráðs: Guðbrandur Benediktsson (aðalmaður), Finnur Ingimarsson (varamaður).

F.h. Sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu: Auður Dagný Kristinsdóttir (aðalmaður).

F.h. Minjastofnunar: Anna María Bogadóttir (aðalmaður), Jakob Jakobsson (varamaður), Magnús Guðmundsson (aðalmaður) og Henny Hafsteinsdóttir minjavörður.

Gestir: Berglind Jóna Hlynsdóttir, Frímenn Ingi Helgason, Pálmar Kristmundsson og Kristjana H. Kristjánsdóttir.

Fundarritari: Anna María Bogadóttir

Dreifing:

- Berglind Jóna Hlynsdóttir, myndlistarmaður og heiðurslistamaður Hamraborg Festival sagði frá verki sínu *Hamraborg Fjöleignarhús*, og fleiri tengdum verkum, rannsóknnum sínum á almenningssrymum og aðferðum sem hún beitir í vinnu sinni.
- Frímenn Ingi Helgason hjá Sögufélagi Kópavogs sagði frá sögu Kópavogs og Hamraborg í grófum dráttum og ræddi stuttlega um hjarta svæðisins, Félagsheimilið sem reist var fyrir rúmlega 60 árum. Frímenn færði Minjaráði bækur um sögu og arkitektúr í Kópavogi sem útgefna hafa verið af Sögufélaginu.
- Pálmar Kristmundsson, arkitekt og eigandi PK Arkitekta sagði frá nýju skipulagi í Hamraborg, markmiðum og tillögugerð og hvernig staðið var að vali á þeim byggingum sem eiga að víkja og þeim sem á að varðveita.

Stutt umræða fundarmanna. Meðal annars um verkferla við skipulagsgerð og varðveislumat, og hvort ráðgjöf í skipulagsgerð svæðis ætti að aðgreina frá ráðgjöf í varðveislumati og húsakönnun sama svæðis þannig að einn og sami aðili sinni ekki báðum hlutverkum á sama reit á sama tíma og almennt um kosti og gallar við núverandi fyrirkomulag.

Næsti fundur verður miðvikudaginn 8. mars 2023 kl. 10:00. Staðsetning og dagskrá kynnt síðar. Fundi slitið kl. 12:00.